

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Skógarhverfis, áfangi 3A.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti 10. nóvember 2020 deiliskipulag fyrir Skógarhverfi, áfanga 3A. Í deiliskipulaginu er fyrirhuguð lágreist íbúðarbyggð, 8 einbýlishús og 31 raðhús. Gert er ráð fyrir blágrænum ofnanvatnslausnum úr útivistarlandi á svæðinu. Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Garðalundar frá 2010. Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti 10. nóvember 2020, nýtt/breytt deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna. Skipulagsmörk verða færð út og munu ná norður og vestur yfir skógræktarsvæðið. Gerð er grein m.a. fyrir afmörkun skógræktar og opinna svæða, aðkomu ökutækja, útivistarstígum, leiksvæðum, matjurtargörðum o.fl. Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Garðalundar frá 2010. Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 14. desember 2020.

Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.